





Verðbréfaafleiður

Sedlabankinn hefur safnað upplýsingum um útgáfur hlutfjár- og skuldabréfaafleiðna fjármálastofnana. Í hagtölum á heimasíðu bankans (www.sedlabanki.is) er birt töfluyfirlit sem sýnir stöðu verðbréfaafleiðna í lok mánaðar. Þar er í fyrsta lagi samtala kaup- og sölusamninga flokkuð eftir eðli afleiðna, mótaðilum og eftirstöðvatíma á samningsverði þeirra. Þetta yfirlit sýnir umfang afleiðuviðskipta¹ fjármálastofnana á hverjum tíma en er ekki mat á áhættu þeirra né áhrifum slíkra viðskipta á verðbréfamarkaðinn.





Verðbréfaafleiður skiptast annars vegar í hlutfjárafleiður og hins vegar skuldabréfaafleiður með hliðsjón af aðgreiningu þeirra á verðbréfamarkaði. Hlutfjárafleiður fjármálastofnana drógust saman á árinu 2016. Þær nema nú samtals um 23 milljörðum króna. Skuldabréfaafleiður drógust einnig saman á árinu og nema nú um 13,5 milljörðum króna. Afleiðurnar eru að meirihluta einfaldir framvirkir samningar og svo skiptasamningar en að litlu leiti var samið um valrétt í lok árs 2016.



¹ Sjá afleiðutöflfræði BIS, „Regular OTC derivatives market“ á heimasíðu hans: <http://www.bis.org/statistics/derstats.htm>



Mótaðilar afleiðusamninga fjármálastofnana eru að aðallega innlendir aðilar og þá mest fyrirtæki/félög og einstaklingar en einnig aðrar fjármálastofnanir en bankar. Erlendir aðilar áttu jafnan lítinn hlut afleiðna á þessum tíma.

Afleiðusamningarnir eru að jafnaði til skamms tíma eða einn til þrjár mánuðir samanber eftirfarandi mynd um eftirstöðvatími þeirra.







Fjöldi afleiðusamninga er sveiflukenndur milli mánaða. Hlutfjárafleiðum fjölgaði í takt við nýskráningar fyrirtækja í kauphöll en þeim hefur fækkað aftur á árinu 2016. Kaupsamningar hafa alltaf verið fleiri en sölusamningar. Meðalfjárhæð hlutfjárafleiðusamnings er nú 47 milljónir króna. Dregið hefur úr fjölda skuldabréfaafleiðna til ársloka 2016 en þær voru flestar á árunum 2012 og 2013. Þær eru nú um 80 og meðalfjárhæð skuldabréfaafleiðusamnings um 170 milljónir króna.

Mótvirði afleiðusamninga eru verðbréf og ræðst samningsverð og uppgjör þeirra af markaðsvirði þeirra á hverjum tíma. Seinni hluti hagtoluyfirlits sýnir því kaup- og sölusamninga á markaðsvirði undirliggjandi verðbréfa í lok hvers mánaðar.




Uppgjör afleiðusamninga þarf ekki nauðsynlega að leiða til viðskipta með undirliggjandi verðbréf heldur gerð upp í krónum miðað við verðþróun á samningstímanum. Markaðsáhætta ræðst því frekar af nettóstöðu kaup- og sölusamninga þar sem útgefendur leitast við að eyða áhættu af skortstöðu einstakra verðbréfa með samsvarandi kaupum á markaði. Slík áhætta var lítil því eignir fjármálastofnana í markaðsverðbréfum er margfalt meiri en skuldbindingar þeirra í afleiðum með kauprétti mótaðila. Stærsti hluti afleiðuviðskiptanna er gagnvart skráðum verðbréfum í kauphöll (OMX1) en einnig hafa verið gefnar út afleiður gagnvart óskráðum fyrirtækjum og verðbréfasjóðum.




Afleiður ríkisbréfa

Á árinu 2015 var ákveðið að birta afleiður gagnvart einstökum ríkisbréfum á nafnvirði þeirra eins og Lánamál ríkisins birtir um verðbréfalán sín til aðalmiðlara þeirra. Afleiður ríkisbréfa er stærsti hluti skuldabréfaafleiðna fjármálafyrirtækja. Þróun þeirra á síðustu árum hefur verið í takt við heildina og dregist saman árinu 2016.



Afleiður ríkisbréfa eru flestar gagnvart óverðtryggðum ríkisbréfum í samræmi við stöðu þeirra á markaðnum. Talverðar sveiflur eru í afleiðuviðskiptum með ríkisbréf og erfitt að greina hvort mótaðilar afleiðusamninga fjármálastofnana séu oftar á kaupahlið fremur en sölu. Þó virðist nettóstaða afleiðna óverðtryggðra ríkisbréfa vera oftar jákvæð en verðtryggðra ríkisbréfa neikvæð.



Eftirfarandi línurit sýnir nettóstöðu einstakra afleiðna ríkisbréfa og þar má sjá miklar sveiflur. Með góðum vilja má greina meiri viðskipt með lengri ríkisbréf á árinu 2016 þar sem mótaðilinn er oftár á kaupahlíð (jákvæð nettóstaða).

